

# Reglugerð um fjárhæðir frítekjumarka (tekjumarka) almannatrygginga og félagslegrar aðstoðar fyrir árið 2022.

## 1. gr.

Frítekjumörk (tekjumörk) bóta samkvæmt lögum nr. 100/2007, um almannatryggingar, með síðari breytingum, skulu vera sem hér segir fyrir árið 2022:

|    |                                                      | <i>frítekjumark kr.</i> | <i>efra tekjumark kr.</i> |
|----|------------------------------------------------------|-------------------------|---------------------------|
| a. | Vegna fjármagnstekna skv. a-lið 2. mgr. 16. gr.      | 98.640                  |                           |
| b. | Tekjutrygging vegna atvinnutekna                     |                         |                           |
|    | skv. ákvæði til bráðabirgða                          | 1.315.200               |                           |
| c. | Ellilífeyrir, almennt skv. 3. málsl. 1. mgr. 23. gr. | 300.000                 | 7.720.560                 |
| d. | Ellilífeyrir, vegna atvinnutekna                     |                         |                           |
|    | skv. 4. málsl. 1. mgr. 23. gr.                       |                         | 2.400.000                 |
| e. | Hálfur ellilífeyrir skv. 2. mgr. 23. gr.             | 3.900.000               | 7.610.293                 |
| f. | Hálfur ellilífeyrir, vegna atvinnutekna              | 2.400.000               |                           |
| g. | Örorkulífeyrir skv. 5. mgr. 18. gr.                  | 2.575.220               | 8.316.784                 |
| h. | Örorkustyrkur skv. 1. mgr. 19. gr.                   | 2.575.220               | 8.234.565                 |
| i. | Örorkustyrkur skv. 2. mgr. 19. gr.                   | 2.575.220               | 8.316.784                 |
| j. | Aldurstengd örorkuuppbót (100%)                      |                         |                           |
|    | skv. 1. mgr. 21. gr.                                 | 2.575.220               | 8.316.784                 |
| k. | Tekjutrygging vegna lífeyrissjóðstekna               |                         |                           |
|    | skv. 3. mgr. 22. gr.                                 | 328.800                 |                           |
| l. | Ráðstöfunarfé skv. 3. málsl. 7. mgr. 48. gr.         |                         | 1.542.148                 |

## 2. gr.

Frítekjumörk (tekjumörk) bóta samkvæmt lögum nr. 99/2007, um félagslega aðstoð, með síðari breytingum, skulu vera sem hér segir fyrir árið 2022:

|    |                                                          | <i>frítekjumark kr.</i> | <i>efra tekjumark kr.</i> |
|----|----------------------------------------------------------|-------------------------|---------------------------|
| a. | Endurhæfingarlífeyrir skv. 1. mgr. 7. gr.                | 2.575.220               | 8.316.784                 |
| b. | Heimilisuppbót, almennt skv. 2. mgr. 8. gr.              | 300.000                 | 7.390.790                 |
| c. | Heimilisuppbót, vegna atvinnutekna skv. 2. mgr. 8. gr.   | 2.400.000               |                           |
| d. | Heimilisuppbót með hálfum ellilífeyri                    | 3.900.000               | 7.445.445                 |
| e. | Sérstök uppbót skv. 2. mgr. 9. gr.:                      |                         |                           |
|    | i. Til lífeyrisþega sem fær greidda heimilisuppbót       |                         | 351.920                   |
|    | ii. Til lífeyrisþega sem fær ekki greidda heimilisuppbót |                         | 279.886                   |

## 3. gr.

Tekjumörk bóta samkvæmt reglugerð nr. 1200/2018, um heimilisuppbót og uppbætur á lífeyri, skulu vera sem hér segir fyrir árið 2022:

|                               |  | <i>efra tekjumark kr.</i> |
|-------------------------------|--|---------------------------|
| Frekari uppbætur skv. 11. gr. |  | 3.317.181                 |

## 4. gr.

*Frítekjumark:* Með frítekjumarki er í reglugerð þessari átt við fjárhæð tekna á ári sem ekki hefur áhrif á bætur.

*Efra tekjumark:* Með efra tekjumarki er í reglugerð þessari átt við fjárhæð tekna á ári sem veldur því að bætur falla niður.

## 5. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með stoð í 70. gr., sbr. 69. gr., laga nr. 100/2007, um almannatryggingar, með síðari breytingum, og 14. gr. laga nr. 99/2007, um félagslega aðstoð, með síðari breytingum, öðlast gildi 1. janúar 2022. Frá sama tíma fellur úr gildi reglugerð nr. 1332/2020, um fjárhæðir frítekjumarka (tekjumarka) almannatrygginga og félagslegrar aðstoðar fyrir árið 2021.

*Félagsmálaráðuneytinu, 29. desember 2021.*

**Guðmundur Ingi Guðbrandsson**  
félagsmála- og vinnumarkaðsráðherra.

*Gunnhildur Gunnarsdóttir.*

**Fyrirvari**

Reglugerðir eru birtar í B-deild Stjórnartíðinda skv. 3. gr. laga um Stjórnartíðindi og Lögbirtingablað, nr. 15/2005, sbr. reglugerð um útgáfu Stjórnartíðinda nr. 958/2005.

Sé misræmi milli þess texta sem birtist hér í safninu og þess sem birtur er í útgáfu B-deildar Stjórnartíðinda skal sá síðarnefndi ráða.